

Húsavík 21.nóvember 2022

Berist til sveitstjóra og íþróttar- og tómstundarfulltrúa Norðurþings.

Komið þið sael.

Við erum sjö fótboltastelpur úr 3.flokki kvenna í Völsungi. Við skrifum þetta bréf til þess að láta í okkur heyra og berjast fyrir nýju gervigrasi upp á íþróttavöll. Okkur finnst fáránlegt að það sé verið að bjóða fólk og þá sérstaklega ungum krökkum upp á þær aðstæður sem eru í boði núna og að ekkert sé verið að gera í málunum.

Gervigrasið er einfaldlega bara ónýtt. Við getum nefnt óteljandi dæmi um meiðsli og slys sem hafa gerst út af því. T.d. eru krakkar að festast í grasinu, renna til og togna og í sumum tilfellum hafa krossbönd slitnað. Auðvitað gerist þetta á öðrum völlum líka en tilfelli á þessu gervigrasi eru bara það mörg að það er ekki annað hægt en að trúa því að grasið hafi einhver áhrif.

Við þetta má bæta að gervigrasið er mjög hart sem er mögulega ástæðan fyrir því að alltof margir sem hafa æft og keppt á þessu grasi í nokkur ár eru með álagsmeiðslin Oshgood-schlatter í hnjanum. Það er verkur sem er mjög sársaukafullur og erfitt að losna við. Ein ástæðanna fyrir því að meiðslin myndast getur verið of hart undirlag við æfingar, þá sérstaklega mikið hlaup. Auðvitað eru krakkar um allt land sem einnig eru að glíma við þessi meiðsli en iðkendur Völsungs sem æfa á gervigrasini og eru með meiðslin eru einfaldlega bara alltof margir til þess að það teljist eðlilegt.

Við sjö sem skrifum þetta bréf höfum allar fundið fyrir áhrifum gervigrassins. Ein af okkur hefur slitið krossband tvisvar sinnum á gervigrasini, í bæði skiptin hafði hart grasið mikil áhrif. Hugsið ykkur bara ef eitthvað hefði verið gert fyrr að þá hefði kannski annað ef ekki bæði krossböndin sloppið frá því að slitna.

Fjórar af okkur eru með álagsmeiðslin Oshgood-schlatter og þar af tvær sem hafa þurft í meðferð hjá sjúkraþjálfara. Hinar þrjár hafa allar fest sig í grasinu eða runnið til og meitt sig. Þetta eru einungis sögur frá sjö stelpum í 3.flokki kvenna. Hugsið ykkur hvernig meiðslin og sögurnar frá öllum hinum iðkendum Völsungs sem æfa á grasinu séu.

Við erum með fleiri dæmi sem sýna áhrifin. Ein af okkur sem er með Oshgood-schlatter meiðslin var bara að æfa á grasvellinum í allt sumar og náði að halda verknum meira og minna niðri. Eftir tímabil (núna í haust) fór hún að æfa einungis á gervigrasini. Verkirkir urðu alltaf meiri og meiri eftir því sem lengur hún æfði á grasinu þangað til hún gat ekki æft lengur út af sársauka og þurfti að leita sér læknisaðstoðar. Önnur í hópnum festi sig í grasinu og skaddaði rófubeinið alvarlega. Við ætlum ekki að vera að lengja bréfið eitthvað meira af slyssögum en ef þið viljið heyra fleiri dæmi erum við tilbúnar að segja frá miklu fleiri sögum.

Okkur finnst hreinlega bara til skammar að ekkert hafi verið gert öll þessi slys og meiðsli og börn bara látin æfa við þessar aðstæður. Ef fótbaltafélag út á landi eins og Völsungur á að ganga er algjört lágmark að aðstæðurnar séu góðar. A.m.k betri en það sem boðið er uppá núna.

Bara svo að það sé á hreinu að þá erum við alls ekki að heimta neitt með þessu bréfi. Við vitum það alveg að það kostar mjög mikið að setja nýtt gervigras og það er margt fleira sem þarf að gera í samféluginu. Við vitum að þetta tekur langan tíma en ef fleiri láta í sér heyra getur allt gerst. Við erum bara að reyna að opna augun á þeim sem ekki skilja hversu mikil þörf er á nýju gervigrasi og hversu mörg meiðsli væri hægt að koma í veg fyrir. Við viljum líka fá svör við því af hverju ekkert hefur verið gert og af hverju ekkert sé að gerast.

Ætlum við í alvörunni bara að láta unga krakka æfa endalaust á gervigrasini vitandi af öllum þessum slysum/meiðslum? Við erum orðnar þreyttar á því að bíða eftir breytingum og að einhver taki af skarið og geri eitthvað.

Við vonumst eftir því að á okkur verði hlustað og að þetta bréf hafi einhver áhrif á að hér verði sett nýtt gervigras von bráðar því þetta skiptir okkur og aðra mjög miklu máli.

Virðingarfyllst;

Elísabet Ingvarsdóttir - Karen Dís Aðalgeirs dóttir - Aníta Rakel Kristjánsdóttir-

Halla Bríet Kristjánsdóttir - Jóhanna Heiður Kristjánsdóttir-

Katla María Guðnadóttir - Erla Þyri Brynjarsdóttir.